

# Skipo 2009



Þessi söngbók var búin til á

**[www.gitargrip.is](http://www.gitargrip.is)**

Söngbók gjörð þann 7. júlí 2009

# Efnisyfirlit

Að lífið sé skjálfandi lítið gras.....	5
Anna í Hlíð.....	5
Á Spáni.....	6
Bakpokinn.....	6
Bein leið.....	6
Besti vinur.....	7
Braggablús.....	7
Bréfið hennar Stínu.....	7
Ef þú giftist mér.....	8
Einu sinni á ágústkvöldi.....	8
Ég leitaði blárra blóma.....	9
Ég veit að þú kemur.....	9
Ég veit þú kemur.....	9
Fatlafól.....	10
Feitur og frjáls.....	10
Flaskan mín fríð.....	10
Frystikistulagið.....	11
Fröken Reykjavík.....	11
Fyrir átta árum.....	12
Guttavísur.....	12
Heim í Búðardal.....	13
Híf opp æpti karlinn.....	13
Hótel Jörð.....	14
Hvert örstutt spor.....	14
Höfuð, herðar, hné og tær.....	15
Icelandic Cowboy.....	15
Í Hlíðarendakoti.....	15
Játning.....	15
Kátir voru karlar.....	15
Komdu inn í kofann minn.....	16
Komdu í kvöld.....	16
Komdu niður.....	16
Kyrrlát kvöld.....	17
Kæran kemur til mín.....	17
Kötukvæði.....	18
La det svinge.....	18
Litla flugan.....	18
Litlir kassar.....	18
Lög og regla.....	19
Mamma grét.....	19
Nú liggur vel á mér.....	20
Of feit fyrir mig.....	21
Ó, Gunna.....	21
Ó, Jósep, Jósep.....	22
Ó, María mig langar heim.....	22
Ó, nema ég.....	22
Ryksugan á fullu.....	23
Sagan af Nínu og Geira.....	23
Segðu ekki nei.....	24
Sem kóngur ríkti hann.....	24
Sestu hérna hjá mér ástin mín.....	25
Spáðu í mig.....	25
Stál og hnifur.....	26
Streets of London.....	26
Suður um höfin.....	26
Svefnljóð.....	27
Syrpa í moll.....	27
Talað við gluggann.....	27
Tætum og tryllum.....	28
Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig.....	28
Vertu sæl mey.....	28
Vísur Íslendinga.....	29
Vorvindar glaðir.....	29
Yesterday.....	29
Það er gott að elska.....	30
Það liggur svo makalaust.....	30
Þorabrællinn 1866.....	31
Þó líði ár og öld.....	31

<b>Pórsmerkurljóð.....</b>	<b>32</b>
<b>Pórsmerkurljóð - Svar Maríu.....</b>	<b>32</b>
<b>Pýtur í laufi.....</b>	<b>33</b>

## Að lífið sé skjálfandi lítið gras

Höfundur lags: Franz P. Schubert.  
Höfundur texta: Sigurður Þórarinnsson.  
Flytjandi: Smárákvartettinn í Reykjavík.

Að lífið sé skjálfandi lítið gras,  
má lesa í kvæði' eftir Matthías,  
en allir vita, hver örlög fær  
sú urt, sem hvergi í vætu nær.

Mikið lifandi skelfingar  
ósköp er gaman að vera  
svólítið "hífað ur".

Það sæmir mér ekki sem Íslending  
að efast um þjóðskáldsins staðhæfing,  
en skrælna úr þurrki ég víst ei vil  
og vökva því lífsblómið af og til.

Mikið lifandi skelfingar  
ósköp er gaman að vera  
svólítið "hífað ur".

Nú þekkest sú skoðun og þykir fín,  
að þetta vort jarðlíf sé ekkert grín,  
menn eigi að lifa hér ósköp trist  
og öðlast í himninum sæluvist.

Mikið lifandi skelfingar  
ósköp er gaman að vera  
svólítið "hífað ur".

En ég verð að telja það tryggara  
að taka út forskot á sæluna,  
því fyrir því gefst engin "garantí"  
að hjá guði ég komist á fyllirí.

Mikið lifandi skelfingar  
ósköp er gaman að vera  
svólítið "hífað ur".

## Anna í Hlíð

Höfundur lags: Dick Thomas.  
Höfundur texta: Eiríkur K. Eiríksson.  
Flytjandi: Vínabandið.

Ég fór að smala kindum hér  
eitt kvöldið fram í dal  
og kominn var ég lengst  
inn í bláan fjallasal.  
Þá ungri mætti' ég blómarós,  
með augun djúp og blíð  
og er ég spyr að nafni,  
hún ansar: "Anna' í Hlíð."

Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,  
með augun blá, svo yndisfríð,  
af ástarþrá ég kvalir líð.  
Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,  
nei engin er eins fríð  
og hún Anna mín í Hlíð.

Ég örmum vafði Önnu,  
svo hún andann varla dró,  
mig ástin var að kæfa  
og ákaft hjartað sló.  
Svo kyssti' ég hennar mjúka munn  
og augun djúp og blíð  
og mælti milli kossa:  
"Ó, Anna mín í Hlíð."

Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,  
ég elska mun þig alla tíð  
og örmum vefja ár og síð.  
Anna í Hlíð, Anna í Hlíð,  
þú ert svo ung og fríð,  
elsku Anna mín í Hlíð.

## Á Spáni

Höfundur lags og texta: Valgeir Guðjónsson.  
Flytjandi: Stuðmenn.

Á Spáni get ég skemmt mér fyrir lítið fé,  
á Spáni kostar sjússinn ekki neitt.  
Grísaveisla, dextrín og diskótek,  
sólólía, bikini og bús.

Á Spá-á-áni,  
Á Spá-á-áni,

Nautaatið heillar bæði hal og sprund.  
Nautin hlaupa villt um Sprengisand.  
Frónararnir fíla sig á pöllunum.  
Æ, Stína, stökktu og náðu í meira bland.

Short og fáð'ér kondara, dúa.  
Short og fáð'ér kondara, dúa.  
komdu og fáð'ér sjortara, dúa.  
Eftir ballið í kvöld.

Short og fáð'ér kondara, dúa.  
Short og fáð'ér kondara, dúa.  
komdu og fáð'ér sjortara, dúa.  
Eftir ballið í kvöld.

## Bakpokinn

Höfundur lags: Birgir Helgason.  
Höfundur texta: Tryggvi Þorsteinsson.  
Flytjandi: Tryggvi Þorsteinsson.

Hann ljótur er á litinn  
og líka' er striginn slitinn  
þóbragðast vel hver bitinn  
úr bakpokanum enn.

Á mörgum fjallatindi  
í miklu frosti' og vindi  
hann var það augnayndi  
sem þekkja svangir menn.

## Bein leið

Höfundur lags og texta: KK.  
Flytjandi: KK.

Bein leið, gatan liggur greið  
bein leið, gatan liggur greið  
það kostar svita og blóð  
að fara þessa slóð.

Ég var að vappa um bæinn  
það var hér um daginn  
sá fullt af kynjaverum  
undir himni berum.  
Viltu heyra?  
Ljáðu eyra, heyrðu meira  
það kostar svita og blóð  
að fara þessa slóð

Það var einn guðsgeldingur  
þessi einfeldningur  
hann var snapvís sníkill  
sligaður fíkill  
hann var kvalinn  
illa alinn, illa alinn  
það kostar svita og blóð  
að fara þessa slóð.

Bein leið, gatan liggur greið  
bein leið, gatan liggur greið  
það kostar svita og blóð  
að fara þessa slóð.

Einn átti milljónkall  
keypti sér kólafjall  
tók alla kösina  
í aðra nösina  
hann varð galinn.  
Ég er farinn  
ég er farinn.  
Það kostar svita og blóð  
að fara þessa slóð.

Bein leið, gatan liggur greið  
bein leið, gatan liggur greið  
það kostar svita og blóð  
að fara þessa slóð.

## Besti vinur

Höfundur lags og texta: KK.  
Flytjandi: KK.

Þetta er besta skinn, besti vinur þinn.  
Tekur hlýlega í hönd og kyssir þig á kinn.  
Og þú stendur stjarfur, þú skilur ekki neitt  
því hann frystir þig með brosi  
sem hann fékk hjá Colgate.

Því þú skalt telja fingurna, 1, 2, 3,  
Þessi úlfabros geta verið svo dýr.

Hann selur fífil og fjall fyrir fimmpúsundkall  
því hann er viðskiptajöfur, hann er geysilega snjall.  
Já, hann er gefinn fyrir grín,  
sérðu bara hvernig hann hlær  
þegar hann rukkar þig um milljón  
þótt hann skuldi þér tvær.

Því skaltu telja fingurna, 1, 2, 3,  
Þessi íslenska myndni getur verið svo dýr.

Já, hann ruggar og rær og telur á sér tær,  
segist breyttur maður, öðruvísi en í gær.  
Snúum böfum saman, fyrirheitin eru góð.  
Ég segi varaðu þig, hann þyrstir í blóð.

Og þú skalt telja fingurna, 1, 2, 3,  
Þessi viðskiptajöfur hann er ekki nógu skýr,  
hann er einhverskonar dýr.

Teldu fingurna, 1, 2, 3,  
Þessi úlfaldabros geta verið svo dýr.

Teldu fingurna, það vantar alla fimm.  
Þessi viðskiptaveröld er alltof grimm.

## Braggablús

Höfundur lags og texta: Magnús Eiríksson.  
Flytjandi: Mannakorn.

Ein í bragga, Magga, gægist út um gluggann,  
bráðum sér hún Skugga-Baldur skunda hjá  
enn einn túrinn, stúrinn, olíu á skúrinn  
er eftitt nema fyrir fjandans aura að fá.

Í vetur betur gekk henni að galdra  
til sína glaða og kalda karla sem oft gáfu aur,  
en Magga í sagga, situr ein í bragga,  
á ekki fyrir olíu, er alveg staur.

Fyrst kom Bretinn, rjóður, yndislega góður,  
þá bjó hún Magga á Borginni í bleikum kjól.  
Svo kom Kaninn, þaninn, kommúnistabaninn,  
þá kættist Magga ofsalega og hélt sín jól.

Svo færðist aldur yfir eins og galdur  
og ávallt verra og verra var í karl að ná.  
Nú er Magga stúrin því olíu á skúrinn  
er erfitt nema fyrir fjandans aura að fá.

## Bréfið hennar Stínu

Höfundur lags: Heimir Sindrason.  
Höfundur texta: Davíð Stefánsson.  
Flytjandi: Heimir og Jónas.

Ég skrifa þér með blýant, því blek er ekki til  
og blaðið það er krypplað og jósið er að deyja.  
En þegar þú færð bréfið þá veistu hvað ég vil  
og veist að ég er heima og á náttkjól meira segja.

Ég svík þig ekki vinur og sendi þetta bréf  
til að sýna þér að ég er hvorki hrædd við þig né gleymin.  
Til að segja, til að segja, til að segja að ég sef  
undir súðinni fyrir norðan, ég er svo voðalega feimin.

Í guðsbænum þú verður að ganga ósköp hljótt  
og gæta vel að öllu, hvort nokkur fari um veginn.  
Læðstu inn um hliðið þegar líða fer á nótt  
og læðstu upp að húsinu eldhúsdyra megin.

Beint á móti uppgöngunni eru mínar dyr

elsku vinur hægt, hægt svo stigin ekki braki  
og þó þú hafir aldrei, aldrei farið þetta fyrr  
þá finn ég að þú kemur ... og hlusta, bíð og vaki.

Gættu því að strjúka ekki stafnum þínum við  
og stíggðu létt til jarðar og mundu hvað ég segi.  
Það iðka sjáfsagt margir þennan ævintýrasið  
sem aldrei geta hist þegar birta fer að degi.

Opnaðu svo hurðina hún er ekki læst  
hægt elsku vinur það er sofið bakvið þilið.  
Í myrkrinu, í myrkri geta margir hlutir ræst  
og mér finnst líka við eiga það skilið.

Ég veit að þú ert góður og gætir vel að þér  
og gengur hægt um dyrnar, farðu helst úr skónum.  
Þá er engin hætta þú mátt trúá mér  
þey ... þey ... húsið er fullt af gömlum ljónum.

Það grunar engan neitt svona í allra fyrsta sinn  
og engum nema þér skal ég gefa blíðu mína  
og þó að ég sé feimin þá veistu vilja minn  
og veist að ég er heima,

þín elsku hjartans Stína

## Ef þú giftist mér

*Höfundur lags: Írskt þjóðlag.  
Höfundur texta: Jónas Árnason .  
Flytjandi: Barnakór Guðrúnar Katrínar Árnadóttur.*

Ég skal gefa þér blómin blá,  
og boltann minn skaltu líka fá,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal kaupa þér kökusnúð  
með kardimommum og sykruhúð,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal gefa þér gull í ták  
og góða skó til að dansa á,

ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal elska þig æ svo heitt  
að aðrei þurfi að kynda neitt,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal syngja þér ljúflingslög  
og leika undir á stóra sög,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal fela þig fylgsnum í,  
svo finni þig ekkert pólití,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

Ég skal kenna þér kátan dans  
og kyssa þig síðan með elegans,  
ef þú giftist, ef þú bara giftist,  
ef þú giftist mér.

## Einu sinni á ágústkvöldi

*Höfundur lags: Jón Múli Árnason.  
Höfundur texta: Jónas Árnason .  
Flytjandi: Magnús Eiríksson.*

Einu sinni' á ágústkvöldi  
austur í Þingvallasveit  
gerðist í dulitlu dragi  
dulítið sem enginn veit,  
nema við og nokkrir þrestir  
og kjarrið græna inni Bolabás  
og Ármannsfellið fagurblátt  
og fannir Skjaldbreiðar  
og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.  
Þó að æviárin hverfi  
út á tímans gráa rökkurveg,  
við saman munum geyma þetta ljúfa leyndarmál,  
landið okkar góða þú og ég.

## Ég leitaði blárra blóma

Höfundur lags: Gylfi P. Gíslason.  
Höfundur texta: Tómas Guðmundsson.  
Flytjandi: Garðar Cortes.

Ég leitaði blárra blóma  
að binda þér dálítinn sveig,  
en fölleit kom nóttin og frostið kalt  
á fegurstu blöðin hneig.  
Og ég gat ei handsamað heldur  
þá hljóma, sem flögruðu' um mig,  
því það voru allt saman orðlausir draumar  
um ástina, vorið og þig.

En bráðum fer sumar að sunnan  
og syngur þér öll þau ljóð,  
sem ég hefði kosið að kveða þér einn  
um kvöldin sólbjört og hljóð.  
Það varpar á veg þinn rósum  
og vakir við rúmið þitt,  
og leggur hóglátt að hjarta þínu  
hvítasta blómið sitt.

Ég veit ég öfunda vorið,  
sem vekur þig sérhvern dag,  
sem syngur þér kvæði og kveður þig  
með kossi hvert sólarlag.  
Þó get ég ei annað en glaðst við  
hvern geisla', er á veg þinn skín  
og óskað, að söngur, ástir og rósir,  
sé alla tíð saga þín.

## Ég veit að þú kemur

Höfundur lags: Gunnar Þórðarson .  
Höfundur texta: Gunnar Þórðarson og Rúnar Júlíusson.  
Flytjandi: trúbrott.

Ég vil að þú komir.  
Ég vil þú komir hérna og hitir mér.  
Ég vil að sjáir.  
Ég vil að þú sjáir hvers virði það er  
að vera til, að finna til  
mér er kalt svo leyf mér finna yl.

Hey, komdu aðeins nær mér.  
Færðu þig ekki fjær.  
Við skulum kynda bál hér.  
Þá kemur hver og sér að það er eldur hér.

Ég vil að þú skiljir.  
Ég vil þú skiljir hvað ég á við.  
Ég vona að þú viljir  
lofa mér að hita þér  
því ég vil vera til  
vera til í heiminn sem ég vil.

Hey, komdu aðeins nær mér.  
Færðu þig ekki fjær.  
Við skulum kynda bál hér.  
Þá kemur hver og sér að það er eldur hér.

Hey, komdu aðeins nær mér.  
Færðu þig ekki fjær.  
Við skulum kynda bál hér.  
Þá kemur hver og sér að það er eldur hér.

## Ég veit þú kemur

Höfundur lags: Oddgeir Kristjánsson .  
Höfundur texta: Ási í Bæ.  
Flytjandi: Eivør Pálsdóttir .

Ég veit þú kemur í kvöld til mín,  
þó kveðjan væri stutt í gær,  
ég trúi ekki á orðin þín  
ef annað segja stjörnur tvær.

Og þá mun allt verða eins og var,  
sko, áður en þú veist, þú veist,  
og þetta eina sem út af bar  
okkar á milli í friði leyst.

Og seinna þegar tunglið  
hefur tölt um langan veg,  
þá tölum við um drauminn  
sem við elskum þú og ég.

Ég veit þú kemur í kvöld til mín,

þó kveðjan væri stutt í gær,  
ég trúi ekki á orðin þín  
ef annað segja stjörnur tvær.

Ég er feitur og frjáls  
Ég er feitur og frjáls  
Ég er feitur og frjáls  
með engan háls

## Fatlafól

*Höfundur lags og texta: Megas.  
Flytjandi: Megas.*

Ég þekkti einu sinni fatlafól  
sem flakkaði um á hjólastól  
með bros á vör en berjandi þó lóminn.  
Hann ók loks í veg fyrir valtara  
og varð að klessu - oþbara.  
Þeir tóku hann upp með kítispaða  
og sett'ann beint á sjónminjasafnið.

Fatlafól, fatlafól,  
flakkandi um á tíu gíra spítthjólastól.  
Ók loks í veg fyrir valtara  
og varð að klessu - oþbara.  
Þeir tóku hann upp með kítispaða  
og sett'ann beint á sjónminjasafnið.

## Feitur og frjáls

*Höfundur lags og texta: Breiðbandið.  
Flytjandi: Breiðbandið.*

Ég er feitur og frjáls  
Ég er feitur og frjáls  
Ég er feitur og frjáls  
með engan háls

Ég er með stærri brjóst en kona  
Mér finnst flott að vera svona

Ég er feitur og frjáls  
Ég er feitur og frjáls  
Ég er feitur og frjáls  
með engan háls

Ég er með helling af hökum  
Fitubollur snúum saman bökum

Ég er með stærstu ýstru á landinu  
Þess vegna er ég í Breiðbandinu

Ég er feitur og frjáls  
Ég er feitur og frjáls  
Ég er feitur og frjáls  
með engan háls

## Flaskan mín fríð

*Höfundur lags: Geirmundur Valtýsson .  
Höfundur texta: Jónas Friðrik.  
Flytjandi: Ríó Trío.*

Flaskan mín fríð, flaskan mín fríð,  
fer þér ekki bráðum að ljúka?  
Mér leiðist allt geim, nú langar mig heim,  
en líklega verð ég að strjúka.

Að fara meðan flaskan er til  
mér finnst þó dálítið slakt,  
ef get ég ekki gert henni skil  
hvað gæti fólk um mig sagt?

Já, fyrir viku fór ég á ball,  
við fórum þaðan í hús,  
þar upphófst þegar æðislegt skrall  
og allir höfðu nóg "bús".

Flaskan mín fríð, flaskan mín fríð,  
fer þér ekki bráðum að ljúka?  
Mér leiðist allt geim, nú langar mig heim,  
en líklega verð ég að strjúka.

Í fyrrakvöld hinn fyrsti sem steinn  
féll í andvana dá,  
og síðan létust þeir einn eftir einn  
uns ei var lífsmark að sjá.

Þeir supu drjúgt og sofa nú vært  
en supu þó ekki allt,  
því ein er hér með innihald tært  
og æpir stöðugt: "Þú skalt".

Flaskan mín fríð, flaskan mín fríð,  
fer þér ekki bráðum að ljúka?  
Mér leiðist allt geim, nú langar mig heim,  
en líklega verð ég að strjúka.

Hún tæmast skal og troða sitt skeið,  
þótt til þess verði ég einn,  
en verst er það, að líklega um leið,  
ligg ég sjálfur sem steinn.

## Frystikistulagið

*Höfundur lags og texta: Sveinbjörn Grétarsson.  
Flytjandi: Greifarnir.*

Ég vaknaði á sunnudagsmorguninn  
og sá þá allt í nýju ljósi.  
Hún lá þarna við hliðina á mér blessunin  
og minnti mig á belju í fjósi.

Ég ákvað þarna um morguninn að kál'enni  
og velti henni því á bakið.  
Tók og snéri upp á hausinn á henni  
og vafð'ana svo inn í lakið.

Já það er gott að vera laus við þess leiðinda tík  
Hvað á ég nú að gera við þetta lík.

Ég sett'ana ofan í frystikistu saman við brauð  
en þegar ég ætlaði að loka.  
Þá hreyfð'ún sig hún var víst ekki allveg dauð  
svo ég ákvað þarna aðeins að doka.

Hausinn á henn hann var hálfur af  
og á hana skelfdur ég starði.  
Hún lá þarna í pörtum ég get svarið það  
Til öryggis ég í hana barði.

Hún öskraði og kom þar með upp um sig

augun voru stjörf af ótta.  
Hún bað mig að hætta, já hún grátbað mig  
og reyndi svo að leggja á flóttu.

En ég var sneggri og greip í hennar hár  
og í það fast ég rykkti.  
Dró hana til mín lipur og frá  
Náði ég henni og kyrkti.

Já það er gott að vera laus við þetta leiðinda skass  
Hvað á ég nú að gera við þetta hláss.

Oj bara, oj bara, oj bara ullabjakk.  
Oj bara, oj bara, oj bara ullabjakk.  
Oj bara, oj bara, oj bara ullabjakk.  
Oj bara, oj bara, oj bara ullabjakk.

Þá dyrabjallan hringdi og mér dauðbrá  
Hvað átti ég nú að gera.  
Ég strunsaði út að glugganum og þá ég sá  
að þetta myndi lögreglan vera.  
Ég ákvað í flýti að fela mig  
og fór ofan í frystikistu.  
Þarna myndi löggan aldrei finna mig  
Allavega ekki í fyrstu.

Þá allt í einu mundi ég þar sem ég lá  
að fjandans frystikistan var læst utanfrá.

## Fröken Reykjavík

*Höfundur lags: Jón Múli Árnason.  
Höfundur texta: Jónas Árnason.  
Flytjandi: Ríó Trío.*

Hver gengur þarna eftir Austurstræti  
og ilmar eins og vorsins blóm  
með djarfán svip og ögn af yfirlæti  
á ótrúlega rauðum skóm?  
Ó, það er stúlka engum öðrum lík,  
það er hún Fröken Reykjavík,  
sem gengur þarna eftir Austurstræti  
á ótrúlega rauðum skóm.  
Og því er eins og hafi vaxið vorsins blóm

á stræti.

Hver situr þar með glóð í gullnum lokkum  
í grasinu við Arnarhól  
svo æskubjört í nýjum nælonsokkum  
og nýjum, flegnum siffonkjól?  
Ó, það er stúlka engum öðrum lík,  
það er hún Fröken Reykjavík,  
sem situr þar með glóð í gullnum lokkum  
í grasinu við Arnarhól  
svo æskubjört og fríð og nett í nýjum kjól  
og sokkum.

Hver svífur þarna suður Tjarnarbakka  
til samfundar við ungan mann  
sem bíður einn á brúnum sumarjakka  
hjá björkunum við Hljómskálann?  
Ó, það er stúlka engum öðrum lík,  
það er hún Fröken Reykjavík,  
sem svífur þarna suður Tjarnarbakka  
til samfundar við ungan mann  
sem bíður einn hjá björkunum við Hljómskálann,  
Hljómskálann. ....

## Fyrir átta árum

*Höfundur lags: Einar Markan.  
Höfundur texta: Tómas Guðmundsson.  
Flytjandi: Haukur Morthens.*

Ennþá brennur mér í muna,  
meir en nokkurn skyldi gruna,  
að þú gafst mér undir fótinn.  
Fyrir sunnan Fríkirkjuna  
fórum við á stefnumótin.

En eg var bara, eins og gengur,  
ástfanginn og saklaus drengur.  
Með söknuði ég seinna fann að  
við hefðum getað vakað lengur  
og verið betri hvort við annað.

Svo var það fyrir átta árum,  
að ég kvaddi þig, með tárur,

daginn sem þú sigldir héðan.  
Harmaljóð úr hafsins bárum  
hjarta mínu fylgdi' á meðan.

En hver veit nema ljósir lokkar,  
lítill kjóll og stuttir sokkar  
hittist fyrir hinumegin?  
Þá getum við í gleði okkar  
gengið suður Laufásveginn.

## Guttavísur

*Höfundur lags: Carl Michael Bellman.  
Höfundur texta: Stefán Jónsson.  
Flytjandi: Bessi Bjarnason.*

Sögu vil ég segja stutta  
sem að ég hef nýskeð frétt.  
Reyndar þekkið þið hann Gutta,  
það er alveg rétt.  
Óþekkur er ætíð anginn sá,  
út um bæinn stekkur hann og hoppar til og frá.  
Mömmu sinni unir aldrei hjá  
eða gegnir pabba sínum. Nei, nei, það er frá.  
Allan daginn út um bæinn  
eilíf heyrast köll í þeim:  
Gutti, Gutti, Gutti, Gutti,  
Gutti komdu heim.

Andlitið er á þeim stutta  
oft sem rennblautt moldarflag,  
mædd er orðin mamma' hans Gutta,  
mælir oft á dag:  
"Hvað varst þú að gera Gutti minn?  
Geturðu' ekki skammast þín að koma svona inn?  
Réttast væri' að flengja ræfilinn.  
Reifstu svona buxurnar og nýja jakkann þinn?  
Þú skalt ekki þræta Gutti,  
það er ekki nokkur vörn.  
Almáttugur en sú mæða'  
að eiga svona börn."

Gutti aldrei gegnir þessu  
grettir sig og bara hlær.

Orðinn nærri' að einni klessu  
undir bíl í gær.  
Onaf háum vegg í dag hann datt  
drottinn minn, og stutta nefið það varð alveg flatt.  
Eins og pönnukaka, er það satt?  
Ójá, því er ver og miður þetta var svo bratt.  
Nú er Gutta nefið snúið  
nú má hafa það á tröll.  
Nú er kvæðið næstum búíð.  
Nú er sagan öll.

## Heim í Búðardal

Höfundur lags: Gunnar Þórðarson .  
Höfundur texta: Þorsteinn Eggertsson.  
Flytjandi: *De lonely blú boys.*

Er ég kem heim í Búðardal  
bíður mín brúðarval.  
Og ég veit það verður svaka party.  
Bíð ég öllum úr sveitinni,  
langömmu heillinni,  
það mun verða veislunni margt í.

Ég er lukkunnar pamfíll, svei mér þá.  
þó ég hafi ekki víða farið.  
Ég er umvafinn kvenfólki,  
það get ég svarið,  
og minna gagn gera má.

Þegar vann ég í Sigöldu  
meyjarnar mig völdu  
til þess að stjórna sínum draumum.  
En nú fer ég til Búðardals,  
beint heim til kerlu og karls  
sem af gleði tárast í taumum.

Er ég kem heim í Búðardal  
bíður mín brúðarval.  
Og ég veit það verður svaka party.  
Bíð ég öllum úr sveitinni,  
langömmu heillinni,  
það mun verða veislunni margt í.

## Híf opp æpti karlinn

Höfundur lags: Írskt þjóðlag.  
Höfundur texta: Jónas Árnason .  
Flytjandi: *Papar.*

„Hífopp!“ æpti karlinn,  
„inn með trollið, inn!“  
Hann er að gera haugasjó!  
Inn með trollið, inn!

Og kalli þessu hásetarnir hlýddu eins og skot,  
og út á dekkið ruddust þeir  
og fóru strax á flot.

„Hífopp!“ æpti karlinn,  
„inn með trollið, inn!“  
Hann er að gera haugasjó!  
Inn með trollið, inn!

Siggi gamli bræðslumaður stóð og verk sitt vann,  
er hundrað lítra grútarkaggi  
hvolfdist yfir hann.

„Hífopp!“ æpti karlinn,  
„inn með trollið, inn!“  
Hann er að gera haugasjó!  
Inn með trollið, inn!

Í eldhúsinu ástandið var ekki heldur gott,  
því kokkurinn á hausinn stakkst  
í stóran grautarpott.

„Hífopp!“ æpti karlinn,  
„inn með trollið, inn!“  
Hann er að gera haugasjó!  
Inn með trollið, inn!

Og gegnum brotnar rúðurnar í brúnni aldan óð,  
svo kallinn alveg klofblautur  
í köldum sjónum stóð.

„Hífopp!“ æpti karlinn,  
„inn með trollið, inn!“

Hann er að gera haugasjó!  
Inn með trollið, inn!

En veðurgnýrinn kæfði loksins alveg öskur hans,  
og trollið sjálft var löngu farið  
allt til anskotans

„Hífopp!“ æpti karlinn,  
„inn með trollið, inn!“  
Hann er að gera haugasjó!  
Inn með trollið, inn!

## Hótel Jörð

*Höfundur lags: Heimir Sindrason.  
Höfundur texta: Tómas Guðmundsson.  
Flytjandi: Pálmi Gunnarsson.*

Tilvera okkar er undarlegt ferðalag.  
Við erum gestir og hótel okkar er jörðin.  
Einir fara og aðrir koma í dag,  
því alltaf bætast nýjir hópar í skörðin.

Og til eru ýmsir, sem ferðalag þetta þrá,  
en þó eru margir, sem ferðalaginu kvíða.  
Og sumum liggur reiðinnar ósköp á,  
en aðrir setjast við hótélgluggann og bíða.

En það er margt um manninn á svona stað  
og meðal gestanna er sífelldur þys og læti.  
Allt lendir í stöðugri keppni um að koma sér að  
og krækja sér í nógu þægilegt sæti.

En þó eru sumir, sem láta sér lynda það  
að lifa úti í horni, óáreittir og spakir,  
því það er svo misjafnt, sem mennirnir leita að,  
og misjafn tilgangurinn, sem fyrir þeim vakir.

En mörgum finnst hún dýr þessi hóteldvöl,  
þó deilt sé um, hvort hótelið sjálft muni græða  
En við, sem ferðumst, eigum ei annars vöð.  
Það er ekki um fleiri gististaði að ræða.

Að vísu eru flestir velkomnir þangað inn,

og viðbúnaður, er gestirnir koma í bæinn.  
og margir í allsnægtum una þar fyrst um sinn,  
En áhyggjan vex, er menn nálgast burtferðardaginn.

Þá streymir sú hugsun um oss sem ískaldur foss,  
að allt verði loks upp í dvölinu tekið frá oss,  
er dauðinn, sá mikli rukkari, réttir oss  
reikninginn yfir það, sem var skrifað hjá oss.

Þá verður oss ljóst, að frammar ei frestur gefst  
né færi á að ráðstafa nokkru betur.  
Því alls, sem lífið lánaði, dauðinn krefst  
í líku hlutfalli og Metúsalem og Pétur.

## Hvert örstutt spor

*Höfundur lags: Jón Nordal .  
Höfundur texta: Halldór Laxnes.  
Flytjandi: Ýmsir.*

Hvert örstutt spor var auðnuspor með þér,  
hvert andartak er tafðir þú hjá mér  
við sólskinsstund og sæludraumur hár  
minn sáttmáli við Guð um þúsund ár

Hvað jafnast á við andardráttinn þinn?  
Hve öll sú gleði er fyrr naut hugur minn  
er orðin hljómlaust utangátta tóm  
hjá undrinu að heyra þennan róm

Hjá undri því að líta lítinn fót,  
í litlum skóm, og vita að heimsins grjót,  
svo hart og sárt er honum fjarri enn,  
og heimsins ráð sem brugga vondir menn.

Já vita eitthvað anda hér á jörð,  
er ofar standi minni þakkargjörð,  
í stundareilífið eina sumarnótt.  
Ó alheimsljós, ó mynd sem hverfur skjótt.

## Höfuð, herðar, hné og tær

Höfundur lags: Erlent lag.

Höfundur texta: Hermann Ragnar Stefánsson.

Flytjandi: Einar Júlíusson og barnakór.

Höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær.

Höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær.

Augu, eyru, munnur og nef.

Höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær.

## Icelandic Cowboy

Höfundur lags og texta: Spilverk þjóðanna.

Flytjandi: Spilverk þjóðanna.

I'm an Icelandic cowboy

On my Icelandic pony.

I travel around in the west.

I know all the ways around Snæfellsnes,

'Cause that's where my baby stays.

I've been to the east

And I've been to the west.

I've been to the north and the south.

Once I met there an old polar bear,

But I found out he had a big mouth.

That's why I'm singing

For you, forgotten cowboys,

Forgotten cowboys of the world.

Come to Iceland, 'cause it's a nice land

And you can shake the shepherd's hand.

And if you come to Iceland

You can join the local band.

## Í Hlíðarendakoti

Höfundur lags: Friðrik Bjarnason.

Höfundur texta: Þorsteinn Erlingsson.

Flytjandi: Egill Ólafsson.

Fyrr var oft í koti kátt,

krakkar léku saman.

Þar var löngum hlegið hátt

hent að mörgu gaman.

Úti um stéttar urðu þar

einatt skrítnar sögur.

Þegar saman safnast var

sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá

oft á milli bæja.

Til að kankast eithvað á

eða til að hlæja.

Margt eitt kvöld og margan dag

máttum við í næði.

Æfa saman eitthvert lag

eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá,

Hlíðar brekku undir.

Er svo margt að minnast á,

margar glaðar stundir.

Því vill hvarfla hugurinn,

heillavinir góðir.

Heim í gamla hópinn minn,

heim á fornar slóðir.

## Játning

Höfundur lags: Sigfús Halldórsson.

Höfundur texta: Tómas Guðmundsson.

Flytjandi: Guðrún Gunnarsdóttir.

Enn birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,

hver dagur, sem ég lifði í návist þinni.

Svo morgunbjört og fögur í mínum huga býr

hver minning um vor sumarstuttu kynni.

Og ástarljóð til þín verður ævikveðja mín,

er innan stundar lýkur göngu minni.

Þá birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,

hver dagur, sem ég lifði í návist þinni.

## Kátir voru karlar

Höfundur lags: J. E. Jonasson.

Höfundur texta: Geir Sigurðsson.

Flytjandi: Skagakvartettinn.

Kátir voru karlar á kúttar Haraldi.

Til fiskiveiða fóru frá Akranesi.

Og allir komu þeir aftur

og enginn þeirra dó.

Af ánægju út að eyrum  
hver einasta kerling hló.

Hún hló, hún hó, hún skelli, skellihló.  
Hún hló, hún hó, hún skelli, skellihló.  
La, la, la-la-la-la-la-la, la.  
La, la, la-la-la-la-la-la, la.

## Komdu inn í kofann minn

*Höfundur lags: Irme Kálmán .  
Höfundur texta: Davíð Stefánsson.  
Flytjandi: Sigrún Ragnarsdóttir.*

Komdu inn í kofann minn,  
er kvölda' og skyggja fer.  
Þig skal aldrei iðra þess  
að eyða nótt hjá mér.  
Við ævintýraeldana  
er ýmislegt að sjá,  
og glaður skal ég gefa þér  
allt gullið, sem ég á,

tíu dúka tyrkneska  
og töfraspegla þrjá,  
níu skip frá Noregi  
og naut frá Spánía,  
austurlenskan aldingarð  
og íslenskt höfuðból,  
átta gráa gæðinga  
og gylltan burðarstól,

fjaðraveifu fannhvíta  
og franskan silkikjól,  
eyrnahringi, ennisþöng  
og alabasturskrín,  
hundrað föt úr fílabeini  
full með þrúguvín  
og lampann, sem að logaði  
og lýsti Aladdín,

Komdu inn í kofann minn,  
er kvölda' og skyggja fer.  
Alltaf brennur eldurinn

á arinum hjá mér.  
Eg gleymdi einni gjöfinni  
og gettu hver hún er.

Ég gleymdi bestu gjöfinni,  
ég gleymdi sjálfum mér.

## Komdu í kvöld

*Höfundur lags og texta: Jón Sigurðsson.  
Flytjandi: Ragnar Bjarnason.*

Komdu í kvöld  
út í kofann til mín  
þegar sólin er sest  
og máninn skín.

Komdu þá ein  
því að kvöldið er hljótt,  
og blómin öll sofa  
sætt og rótt.

Við skulum vera hér heima  
og vaka og dreyma,  
vefur nóttin örmum hlíð og dal.

Komdu í kvöld  
út í kofann til mín  
þegar sólin er sest  
máninn skín.

## Komdu niður

*Höfundur lags og texta: Jón Sigurðsson.  
Flytjandi: Ruth Reginalds.*

Þegar ég var lítil var ég voða feimin oft  
og væri einhver ókunnugur skaust ég upp á loft.  
En ef að ég var úti, þegar gest að garði bar,  
ég geystist upp á hlöðuburst og settist niður þar.

Komdu niður, kvað hún amma.  
Komdu niður, sögðu pabbi' og mamma.  
:,: Komdu niður, komdu niður.  
Komdu niður, sungu öll í kór. :,:

Svo stækkaði ég meira og þá varð ég voða kát  
og veslings pabba' og mömmu  
oft ég setti hreint í mát.

Ég klífraði og hentist yfir hvað sem fyrir var,  
ég hoppaði' upp á skólapak og settist niður þar.

Komdu niður, kvað hún amma.

Komdu niður, sögðu pabbi' og mamma.

∴ Komdu niður, komdu niður.

Komdu niður, sungu öll í kór. ∴∴

En seinna verð ég stærri og það verður gaman þá  
og víst er það að margt þið fáid þá til mín að sjá,  
þá ætla ég nú upp í tunglið strax að fá mér far  
að finna karlinn skrítna, sem að á víst heima þar.

Komdu niður, kvað hún amma.

Komdu niður, sögðu pabbi' og mamma.

∴ Komdu niður, komdu niður.

Komdu niður, sungu öll í kór. ∴∴

## Kyrrlátt kvöld

*Höfundur lags: Bubbi Morthens.  
Höfundur texta: Þorlákur Kristinsson.  
Flytjandi: Utangarðsmenn.*

Það er kyrrlátt kvöld við fjörðinn,  
ryðgað liggur bárujárn við veginn.  
Mávurinn, múkkinn og vargurinn  
hvergi finna innýflin.

Meðan þung vaka fjöll yfir hafi  
í þögn stendur verksmiðjan ein,  
svona langt frá hafi,  
ekkert okkar snýr aftur heim.

Því allir fóru suður í haust  
í kjölfar hins drottnandi herra.  
Bátar fúna, rotna í nausti',  
því nam vart með öðru en hnerra.

Því dauðadóm sinn kvað hann upp og glotti,  
þorpsbúa hann hafði að háði og spotti.

Síldin farin, fer ég líka  
suður á bankanna val.

## Kærastan kemur til mín

*Höfundur lags: Lester Flatt.  
Höfundur texta: Jónas Friðrik Guðnason .  
Flytjandi: Lónlí Blú Bojs.*

Ég verð alveg kyrr  
og ég vinn ekkert fyrr  
en kærastan kemur til mín.

Ég fer ekki frammar á sjóinn,  
ég fæst ei við söng eða grín,  
og sama hver spy,  
ég segi ekkert fyrr  
en kærastan kemur til mín.  
Já kærastan kemur til mín,  
kærastan kemur til mín.

Ég verð alveg kyrr  
og ég vinn ekkert fyrr  
en kærastan kemur til mín.

Hún stökk í burtu stelpa er  
í steininn lenti ég  
og einhver herjans hundur fékk  
hana á burtu með sér.  
Æ, komdu nú kæra til mín.  
Ég kemst ekki á fætur án þín  
og ekkert ég get og ekkert ég ét  
uns kærastan kemur til mín.  
Já, kærastan kemur til mín,  
kærastan kemur til mín.

Ég verð alveg kyrr  
og ég vinn ekkert fyrr  
en kærastan kemur til mín.

## Kötukvæði

Höfundur lags: Will Grosz.  
Höfundur texta: Sigurður Ágústsson frá Birtingarholti.  
Flytjandi: KK og Magnús.

Það var um kvöld eitt að Kötu ég mætti.  
Hún var að koma af engjunum heim.  
Það var í ágúst að áliðnum slætti  
og nærri aldimmt á kvöldunum þeim.

Hún var svo ung eins og angandi rósir.  
Ég hafði aldrei séð hana fyrr.  
Um vanga dönsuðu lokkarnir ljósir  
og augun leiftruðu þögul og kyrr.

Hlýtt ég tók í hönd á Kötu,  
horfði' í augun djúp og blá.  
Gengum síðan burt af götu,  
geymdi okkur náttmyrkrið þá.

En þegar eldaði aftur og birti  
í hjarta ákafan kenndi ég sting.  
Og fyrir augum af angist mig syrti.  
Hún var með einfaldan giftingarhring.

Hún var með einfaldan giftingarhring.

## La det swinge

Höfundur lags: Rolf Løvland.  
Höfundur texta: Alix Zandra.  
Flytjandi: Bobbysocks.

Fra en radio strømmer gamle melodier  
Og jeg våkner opp og spør meg hva som skjer  
Er det bare drøm og fantasier  
Når jeg føler at det swinger mer og mer?

La det swinge, la det rock 'n' roll  
La det swinge til du mister all kontroll  
Oh hi oh...  
La det swinge, la det rock 'n' roll

La musikken gå la rytmen aldri stanse  
Kan du kjenne at du lever her og nå?  
Føler du hvor gjerne du vil danse?

Oh... og hører du at hjertet slår og slår?

Føler du hvor gjerne du vil danse?

Hører du at hjertet slår og slår?

Og slår...

La det swinge, la det rock 'n' roll  
La det swinge til du mister all kontroll  
Oh hi oh...

La det swinge, la det rock 'n' roll

La det swinge, la det rock 'n' roll  
La det swinge til du mister all kontroll  
Oh hi oh...

La det swinge, la det rock 'n' roll

Swinge, la det rock 'n'...

Swinge, la det rock 'n' roll

## Litla flugan

Höfundur lags: Sigríus Halldórsson.  
Höfundur texta: Sigurður Elíasson.  
Flytjandi: Björgvin Halldórsson .

Lækur tifar létt um máða steina.  
Lítil fjóla grær við skriðufót  
Bláskel liggur brotin milli hleina.  
Í bænum hvílir íturvaxin snót.  
Ef ég væri orðinn lítil fluga,  
Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt,  
og þó ég ei til annars mætti duga,  
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt  
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

## Litlir kassar

Höfundur lags: Malvina Reynolds.  
Höfundur texta: Þórarinn Guðnason.  
Flytjandi: Pápar.

Litlir kassar á lækjarbakka,  
litlir kassar úr dinga-dinga-ling.  
Litlir kassar, litlir kassar,  
litlir kassar, allir eins.

Einn er rauður, annar gulur,  
þriðji fjólublár og fjórði röndóttur

allir búnir til úr dingalinga,  
enda eru þeir allir eins.

Og í húsunum eiga heima,  
ungir námsmenn sem ganga í háskóla,  
sem lætur þá inn í litla kassa,  
litla kassa, alla eins.

Þeir gerast lækna og lögfræðingar  
og landsbankastjórnendur,  
og í þeim öllum er dingalinga,  
enda eru þeir allir eins.

Þeir stunda sólböð og sundlaugarnar  
og sjússa í Naustinu  
og eignast allir börn og buru  
og börnin eru skírð og fermd.

Og börnin eru send í sveitina  
og síðan beint í Háskólann  
sem lætur þau inn í litla kassa  
og út úr þeim koma allir eins.

Og ungu mennirnir allir fara  
út í bisness og stofna heimili,  
og svo er fjölskyldan sett í kassa,  
solitla kassa, alla eins.

Einn er rauður, annar gulur,  
þriðji fjólublár og fjórði röndóttur  
allir búnir til úr dingalinga,  
enda eru þeir allir eins.

Litlir kassar á lækjarbakka,  
litlir kassar úr dinga-dinga-ling.  
Litlir kassar, litlir kassar,  
litlir kassar, allir eins.

Litlir kassar á lækjarbakka  
að lokum tæmast og fólk sem í þeim bjó  
er að sjálfsögðu sett í kassa.

Svarta kassa og alla eins.

## Lög og regla

*Höfundur lags og texta: Bubbi Morthens.  
Flytjandi: Bubbi Morthens.*

Hvers vegna eru lög og regla  
til að fela hitt og þetta?  
Blóðug spor og handjárn smella  
skýrslur segja: „Hann var alltaf að detta.”

Börðu hann í bílnum með kylfum og hnúum  
hædd'ann og svívirtu með tungum hrjúfum  
Ekkert sást nema lítið mar  
þetta var slys við vorum ekki þar.

Við heyrðum hann kalla, biðja um vatn,  
kvartaði líka um honum væri kalt.  
Seinna um nóttina talaði út í bláinn.  
Það var ekki fyrr í morgun  
að við sáum að hann væri dáinn.

Ekki benda á mig, segir varðstjórinn.  
Þetta kvöld var ég að æfa lögreglukórinn,  
Spyrjið þá sem voru á vakt.  
Ég ábyrgist þeir munu segja satt.

## Mamma grét

*Höfundur lags: Merle Haggard.  
Höfundur texta: Þorsteinn Eggertsson.  
Flytjandi: Lónlí Blú Bojs.*

Það fyrsta sem að ég man eftir  
var er pelanum ég slepti.  
Það var erfitt svo ég annað í hann lét.  
Fyrst var mjólk í pela mínum  
en svo lifði ég á vínnum.  
Er ég fór að heiman fullur,  
mamma grét.

Einn af átta systkinum  
ólst ég upp með fiskinum.  
Ungur stundaði ég sjó og þorskanet.  
En samt er ég því hálf feginn  
að ég gekk ei menntavegin.

Ég var sjómaður í anda  
og mamma grét

Ég var tvítugur á sjónum  
það var eftirminnilegt.  
Ég gat ei komið heim  
og mamma grét, mamma grét,  
Mamma grét því það var vetur,  
það var bræla' og sudda hret  
og ég fékk samviskubit  
því mamma grét

Og er pabbi gamli dó  
var ég staddur úti' á sjó.  
Litlu systkinin mín misstu alla von  
þeim ég sálu mína gaf  
og ég vandist víni af  
Mamma vissi að hún átti  
traustan son

Ég var þrítugur á sjónum,  
yngsta systir mín tók próf.  
Ég fór heim og sló upp veislu  
og mamma grét, mamma grét,  
Mamma grét hamingjutárum  
eftir ótal erfið ár.  
Þá mér fannst það sjóður fjár  
er mamma grét

## Nú liggur vel á mér

*Höfundur lags: Óðinn G. Þórarinnsson .  
Höfundur texta: Númi Þorbergsson.  
Flytjandi: Ingibjörg Smith.*

Stína var lítil stúlka í sveit,  
stækkaði óðum blómleg og heit.  
Hún fór að vinna, varð margt að gera,  
lærði að spinna, látum það vera.  
Svo var hún úti sumar og haust,  
svona var lífið strit endalaust.  
Samt gat hún Stína söngvana sína  
sungið með hárra raust.

Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.  
Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.

Gaman fannst Sínu' að glettast við pilt,  
gaf hún þeim auga, var oftast stillt.  
Svo sá hún Stjána, það vakti þrána,  
hann kom á Grána út yfir ána.  
Sæl var hún Stína saklaus og hraust,  
svo fór hann burtu koldimmt um haust,  
samt gat hún Stína söngvana sína  
sungið með hárra raust.

Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.  
Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.

Nú er hún Stína gömul og grá,  
getur þó skemmt sér dansleikjum á,  
situr hún róleg, horfir á hina  
hreyfast í takt við dansmúsíkina.  
Alltaf er Stína ánægð og hraust,  
aldrei finnst henni neitt tilgangslaust.  
Enn getur Stína söngvana sína  
sungið með hárra raust.

Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.  
Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér.  
Gott er að vera léttur í lund,  
lofa skal hverja ánægjustund.

## Of feit fyrir mig

Höfundur lags: A. Godfrey.  
Höfundur texta: Laddi.  
Flytjandi: Laddi.

Hér er léleg vísa sem þú lærir undir eins  
því hún er alltaf eins og er ekki til neins  
Hún er bara til þess eins að syngja hana dátt  
hátt og lágt, kátt og smátt með opið upp á gátt

Og þú mátt fá hana því ég vil ekki sjá hana  
því hún er allt of feit, hún er allt of feit,  
því hún er allt of feit.

Þú mátt taka hana því ég er búin að reka hana  
því hún er alltof feit, allt of feit, allt of feit,  
já hún er allt of feit

Ég verð ofsalega heppin  
ef ég losna nú við fitukeppinn

Þú mátt fá hana því ég vil ekki sjá hana  
því hún er allt of feit, hún er allt of feit,  
hún er allt of feit.

Þú mátt taka hana því ég er búin að reka hana  
því hún er alltof feit, allt of feit, já allt of feit,  
hún er allt of feit

Kemst hún sjálf ofan í bað?

Hehehehe nei nei nei nei nei.

Kemst hún ein út á hlað?

Hehehehe nei nei nei nei nei.

Kemurðu henni inn í bíl?

Ekki frekar en fíl.

Er hægt að lyfta henni, halda á henni?

Nei nei nei.

Þú mátt fá hana við viljum ekki sjá hana  
Of feit fyrir mig, of feit fyrir mig,  
passleg fyrir mig.

Þú mátt fá hana við viljum ekki sjá hana  
Of feit fyrir mig, já hún er of feit, já allt of feit,  
passleg fyrir mig.

Hún er þrýstin og mjúk og bústin

Já og borðar mikið og hlær og hristir spikið

Þú mátt fá hana við viljum ekki sjá hana  
Of feit fyrir mig, of feit fyrir mig,  
passleg fyrir mig.

Ég skal taka hana ef þið viljið ekki eiga hana,  
hún er passleg fyrir mig  
En hún er of feit, já allt of feit,  
hún er passleg fyrir mig

Hún er tvöföld ef ekki fjórföld,  
ef skyldi hún megrast þá myndi hún ekkert fegrast

Og þú mátt fá hana því ég vil ekki sjá hana  
því hún er allt of feit, hún er allt of feit,  
hún er allt of feit.

Þú mátt taka hana því ég er búin að reka hana

## Ó, Gunna

Höfundur lags: Neil Sedaka.  
Höfundur texta: Ríó Tríó.  
Flytjandi: Ríó Tríó.

Ó, Gunna, elsku Gunna mín,  
alveg eins og tunna svo æðislega fín.  
Ég ann þér aftur fyrir rass.  
Þú ert mitt eina, æðislega hläss.

Vina það er engin, engin önnur, æðisleg sem þú,  
augun þín minna á augu í grárri kú.  
Það er engin, engin önnur kona ætluð fyrir mig.  
Ó, elsku Gunna, ég elska bara þig.

Ó, Gunna, auli sem ég er,  
ekkert fær haggð ást minni á þér.  
Þú slærð mig stundum hreint í spað,  
en ekki dofna ástin neitt við það.

Vina það er engin, engin önnur, æðisleg sem þú,  
augun þín minna á augu í grárri kú.  
Það er engin, engin önnur kona ætluð fyrir mig.  
Ó, elsku Gunna, ég elska bara þig.

## Ó, Jósep, Jósep

Höfundur lags: Saul Chaplin.  
Höfundur texta: Skapti Sigbórsson.  
Flytjandi: KK og Magnús.

Ó, Jósep, Jósep, bágt á ég að bíða  
og bráðum hvarma mína fylla tár,  
því fyrr en varir æskuárin líða  
og ellin kemur með sín gráu hár.  
Ég spyr þig, Jósep, hvar er karlmannslundin  
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.  
Hvenær má ég klerkinn panta,  
kjarkinn má ei vanta,  
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Hvenær má ég klerkinn panta,  
kjarkinn má ei vanta,  
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Ó, Jósep, Jósep, láttu bílinn bruna  
og byrjaðu sem fyrst að trukka mig.  
Við keyrum út í græna náttúruna,  
sem gerir viðkvæm bæði mig og þig.  
Ó, Jósep, Jósep, hvar er karlmannslundin  
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.  
Hvenær má ég klerkinn panta,  
kjarkinn má ei vanta,  
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Hvenær má ég klerkinn panta,  
kjarkinn má ei vanta,  
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

## Ó, María mig langar heim

Höfundur lags: Tjlls Wilkins.  
Höfundur texta: Ólafur Gaukur Þórhallsson.  
Flytjandi: Ýmsir.

Hann sigldi út um höfin blá í 17 ár  
og sjómennsku kunni hann upp á hár,  
Hann saknaði alla tíð stúlkunnar  
og mynd hennar stöðugt í hjarta hann bar.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.

Í höfnum var hann hrókur mikils fagnaðar  
hann heillaði þar allar stúlkurnar  
en aldrei hann meyjarnar augum leit  
það átti ekki við hann að rjúfa sín heit.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.

Loks kom að því, hann vildi halda heim á leið  
til hennar sem sat þar og beið og beið  
hann hætti til sjós, tók sinn hatt og staf  
og heimleiðis sigldi um ólgandi haf.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.

En fleyið bar hann aldrei heim að fjarðarströnd.  
Hann siglir ei lengur um ókunn lönd.  
En María bíður og bíður enn  
Hún bíður og vonar hann komi nú senn.

Ó, María mig langar heim.  
Ó, María mig langar heim.  
Því heima vil ég helst vera.  
Ó, María hjá þér.

## Ó, nema ég

Höfundur lags: Don Gibson.  
Höfundur texta: Jón Sigurðsson.  
Flytjandi: Skapti Ólafsson.

Oft á vorin haldin eru héraðsmót  
í hópum þangað sækja bæði sveinn og snót.  
og allir skemmta sér á einhvern veg, ó, nema ég.

Það eiga allir kærustur, sem kyssa þá  
og klappa þeim í lautum svona til og frá.  
Og brosin frá þeim fá þeir unaðs leg, ó, nema ég.

Mér alltaf illa gekk og aldrei neitt ég fékk,  
sem öðrum veittist, það er alveg satt.  
Á grasi iðar dans og oft í meyjafans  
ég endilangur snöggt um þúfur datt.

En héraðsmótin hætta reynist hverjum þeim,  
sem hrífst af meyjarkinn og bláum augum tveim.  
Þeir ánetjast á einn og annan veg, hæ, nema ég.

hæ, nema ég.  
hæ, nema ég.

## Ryksugan á fullu

*Höfundur lags og texta: Ólafur Haukur Símonarson.  
Flytjandi: Sniglabandið.*

Ryksugan á fullu, étur alla drullu,  
tralalala...  
Sópa burtu ryki, með kústi og gömlu priki,  
tralalala...

Ef þú getur ekki sungið reyndu þá að klappa.  
Og ef þú getur ekki klappað reyndu þá að stappa.  
Svo söngflokkurinn haldi sínu lagi  
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Út með allan skítinn, svo einhver vilji líta'inn,  
tralalala...  
Skúra, skrúbba og bóna, rífa af öllum skóna,  
tralalala...

Ef þú getur ekki sungið reyndu þá að klappa.  
Og ef þú getur ekki klappað reyndu þá að stappa.  
Svo söngflokkurinn haldi sínu lagi  
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

## Sagan af Nínu og Geira

*Höfundur lags: Conway Twitty.  
Höfundur texta: Jón Sigurðsson.  
Flytjandi: Brimkló.*

Ef þú vilt bíða eftir mér,  
á ég margt að gefa þér.  
Alla mína kossa ást og trú.  
Engin fær það nema þú.

Nína átti heima á næsta bæ.  
Ég næstum það ekki skilið fæ.  
Hún var eftir mér alveg óð.  
Ég fékk bréf og í því stóð.

Ef þú vilt bíða eftir mér,  
á ég margt að gefa þér.  
Alla mína kossa ást og trú.  
Engin fær það nema þú.

Ég las það og þaut svo strax af stað.  
Mér stóð ekki á sama ég segi það.  
En Nína grét og gekk mér frá.  
Hún gat ei skilið sem ég sagði þá.

Nína góða, gráttu ei.  
Gleymdu mér ég segi nei.  
Þú ert enn of ung góða mín.  
Og ég get alls ekki beðið þín.

Til Reykjavíkur lá mín leið.  
Langan tíma þar ég beið.  
Ég alltaf reyndi en illa gekk.  
Að gleyma bréfinu sem ég fékk.

Ef þú vilt bíða eftir mér  
á ég margt að gefa þér.  
Alla mína kossa ást og trú.  
Engin fær það nema þú.

Ég vissi að aldrei fengi ég frið.  
Fyrr en Nínu ég sættist við.  
Hugurinn stöðugt hjá henni er.

Hún skal víst fá að giftast mér.

Ég ók í skyndi upp í sveit.  
Æskustöðvarnar mínar leit.

En Nína leit mig ekki á.

Ég enn ei skil það sem hún sagði þá.

Geiri elskan, gráttu ei.  
Gleymdu mér, ég segi nei.  
Þú vildir mig ekki veslings flón.  
Því varð ég að eiga hann vin þinn Jón.

## Segðu ekki nei

*Höfundur lags: I. Hellberg .  
Höfundur texta: Ólafur Gaukur Þórhallsson.  
Flytjandi: Svanhildur Jakobsdóttir.*

Út við gluggann stendur stúlkan  
og hún starir veginn á  
og hún bíður og hún vonar  
að hún vininn fái að sjá.  
En um síðir hringir síminn  
og hún svarar í hann fljótt,  
"Halló, halló," segir herrann,  
"viltu koma að dansa í nótt?"

"Segðu ekki nei,  
segðu kannski, kannski, kannski,  
segðu að þú elskir engan nema mig.  
Segðu ekki nei,  
segðu kannski, kannski, kannski,  
þá aldrei, aldrei ég skilja mun við þig."

Unga stúlkan hún er stórhreifin  
og strax hún segir "Já".  
Arm í arm þau leiðast ungu hjúin ætla ballið á.  
Þegar hljóma ljúfu lögin  
lágð hann hvíslar: "Heyrðu mig,  
viltu dansa þennan dans,  
ég gjarnan dansa vil við þig."

"Segðu ekki nei,  
segðu kannski, kannski, kannski,

segðu að þú elskir engan nema mig.  
Segðu ekki nei,  
segðu kannski, kannski, kannski,  
þá aldrei, aldrei ég skilja mun við þig."

Og í ljúfum draumi líður kvöldið,  
loks er komin nótt.  
Við trúum stundum tæplega  
hve tíminn líður fljótt.  
Og er vangur strýkur vanga hlýtt  
af vörum hvíslað er:  
"Elsku litla sæta ljúfan,  
má ég labba heim með þér?"

"Segðu ekki nei,  
segðu kannski, kannski, kannski,  
segðu að þú elskir engan nema mig.  
Segðu ekki nei,  
segðu kannski, kannski, kannski,  
þá aldrei, aldrei ég skilja mun við þig."

Segðu ekki nei,  
segðu kannski, kannski, kannski,  
þá aldrei, aldrei ég skilja mun við þig."

## Sem kóngur ríkti hann

*Höfundur lags: Írskt þjóðlag.  
Höfundur texta: Jónas Árnason .  
Flytjandi: Jónas Árnason .*

Ar-ídú-ar-ídú-radei,  
Ar-ídú ar-ídáa.  
Sem kóngur ríkti hann meður sóma og sann  
eitt sumar á landinu blaaáa.

Sögu við ætlum að segja í kvöld  
um sæfarann Jörund hinn knáa.  
Sem kóngur ríkti hann  
meður sóma og sann  
eitt sumar á landinu blaaáa.

Í Danmörk fæddist og ólst hann upp,  
en engan hlaut hann þar frama.

Sú kotungabjórð  
með sín kúastóð  
og kokhljóð var honum til aaama.

Ar-ídu-ar-ídu-radei,  
Ar-ídu ar-ídáa.  
Sem kóngur ríkti hann meður sóma og sann  
eitt sumar á landinu blaaáa.

Á briggskipi ungur til Englands hann hélt,  
og ölduna fagnandi steig hann,  
því þrek í honum bjó  
og í saltan sjó  
af sérstakri ánægju meeeig hann.

Á kuggana marga hann munstraði sig  
og mörg urðu hans ævintýri.  
Hann kunni bráðum á  
allt sem kunna þarf á:  
kompás, segl og stýýýri.

Ar-ídu-ar-ídu-radei,  
Ar-ídu ar-ídáa.  
Sem kóngur ríkti hann meður sóma og sann  
eitt sumar á landinu blaaáa.

Og loks varð hann kapteinn með korða og hatt  
á kaupfari glæstu og nýju.  
Um höfin stór og breið  
nú lá hans leið  
frá London til Ástrallalííu.

Já fjöldamargt vann hann til frægðar sér,  
en frægust varð Jörundar saga,  
er hann komst á norðurslóð  
í kynni við þjóð  
sem þar kúrði með galtóma maaaga.

## Sestu herna hjá mér ástin mín

Höfundur lags: Lydia K. Liliuokalani.  
Höfundur texta: Jón frá Ljárskógum.  
Flytjandi: Svavar Lárússon.

Sestu herna hjá mér, ástin mín,  
horfðu á sólarlagsins roða glóð.  
Særin ljómar líkt og gullið vín,  
léttar bárur þar kveða þýðan óð.  
Við öldunið og aftan frið  
er yndislegt að hvíla þér við hlið.  
Hve dýrðlegt er í örmum þér  
að una og gleyma sér.

## Spáðu í mig

Höfundur lags og texta: Megas.  
Flytjandi: Megas.

Kvöldin eru kaldlynd úti á nesi  
kafaldsbylur hylur hæð og lægð  
kalinn og með koffortið á bakinu  
kem ég til þín segjandi með hægð  
spáðu í mig  
þá mun ég spá í þig  
spáðu í mig  
þá mun ég spá í þig

Nóttin hefur augu einsog flugan  
og eflaust sér hún mig þar sem ég fer  
heimullega á þinn fund að fela  
flöskuna og mig í hendur þér  
spáðu í mig  
þá mun ég spá í þig  
spáðu í mig  
þá mun ég spá í þig

Finnst þér ekki Esjan vera sjúkleg  
og Akrafjallið geðbilað að sjá  
en ef ég bið þig um að flýja með mér  
til Omdúrman þá máttu ekki hvá  
spáðu í mig  
þá mun ég spá í þig  
spáðu í mig  
þá mun ég spá í þig

## Stál og hnífur

Höfundur lags og texta: Bubbi Morthens.  
Flytjandi: Bubbi Morthens.

Þegar ég vaknaði um morguninn,  
er þú komst inn til mín.  
Hörund þitt eins og silki,  
andlitið eins og postulín

Við bryggjuna bátur vaggar hljótt  
í nótt mun ég deyja.  
Mig dreymdi dauðinn sagði: "Komdu fljótt,  
það er svo margt sem ég ætla þér að segja."

Ef ég drukkna, drukkna í nótt,  
ef þeir mig finna.  
Þú getur komið og mig sótt,  
þá vil ég á það minna.

Stál og hnífur er merkið mitt,  
merki farandverkamanna.  
Þitt var mitt og mitt var þitt  
meðan ég bjó á meðal manna.

## Streets of London

Höfundur lags og texta: Ralph McTell.  
Flytjandi: Ralph McTell.

Have you seen the old man  
By the closed down market  
Kicking up the papers with his worn out shoes  
In his eyes you'll see no pride  
Hand held loosely by his side  
Yesterday's paper, telling yesterday's news.

So how can you tell me that you're lone-ly  
And say for you the sun don't shine  
Let me take you by the hand  
And lead you through the streets of London  
I'll show you something  
to make you change your mind.

Have you seen the old girl  
Who walks the streets of London  
Dirt in her hair and her clothes all in rags  
She's no time for talking  
She just keeps right on walking  
Carrying her home in two carrier bags.

In the all night cafe  
At a quarter past eleven  
Same old man sitting there on his own  
Looking at the world  
over the rim of his teacup  
each tea lasts an hour  
and he wanders home alone

Have you seen the old man  
outside the seamen's mission  
Memory fading with the  
medal ribbon that he wears  
in our winter city  
The rain cries a little pity  
for one more forgotten hero  
In a world that doesn't care.

## Suður um höfin

Höfundur lags: Jimmy Kennedy og Michael Carr.  
Höfundur texta: Skafti Sigbórsson.  
Flytjandi: Haukur Morthens .

Suður um höfin að sólgylltri strönd  
sigli ég fleyi mínu til að kanna ókunn lönd.  
Og meðan ég lifi ei bresta þau bönd  
sem bundið mig hafa við suðræna strönd.

Hún kom sem engill - af himni til mín,  
heillandi eins og þegar sólin björt í heiði skín.  
Og yndisleg voru þau ævintýr mín  
og yndisleg voru hin freyðandi vín.

Þegar dagur var kominn að kveldi  
þá var kátt yfir börnum lands,  
þá var veisla hjá infæddra eldi  
og allir stigu villtan dans.

Suður um höfin að sólgylltri strönd  
svífur minn hugur þegar kólna fer um heimalönd.  
og meðan ég lifi, ei bresta þau bönd  
sem bundið mig hafa við suðræna strönd.

Aj, aj, aj, aj, - aj, aj, aj, aj.

## Svefnljóð

*Höfundur lags: Magnús Kjartansson .  
Höfundur texta: Kristján frá Djúpalæk.  
Flytjandi: Vilhjálmur Vilhjálmsson.*

Loks er dagsins önn á enda, úti birtan dvín.  
Byrgðu fyrir blökkum skugga, björtu augun þín.  
Ég skal þerra tár þíns trega, tendra falinn eld,  
svo við getum saman vinur, syrgt og glaðst í kveld.

Lífið hefur hendur kaldar, hjartaljúfur minn.  
Allir bera sorg í sefa, sárin blæða inn.  
Tárin falla heit í hljóði, heimur ei þau sér.  
Sofna vinur, svefnljóð, meðan syng ég yfir þér.

Preyttir hvílast, þögla nóttin, þaggar dagsins kvein.  
Felur brátt í faðmi sínum fagureygðan svein.  
Eins og hljóður engill friðar yfir jörðu fer.  
Sof þú væran, vinur ég skal vaka yfir þér.  
Sof þú væran, vinur ég skal vaka yfir þér.

## Syrpa í moll

*Höfundur lags og texta: Ýmsir.  
Flytjandi: Ýmsir.*

Ó, Jósep, Jósep, bágt á ég að bíða  
og bráðum hvarma mína fylla tár,  
Því fyrr en varir æskuárin líða  
og ellin kemur með sín gráu hár.  
Ég spyr þig Jósep, hvar er karlmannslundin  
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann,  
hvenær má ég klerkinn panta,  
kjarkinn má ei vanta.  
Ó, Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Viltu með mér vaka í nótt,

vaka meðan húmið rótt  
leggst um lönd og sæ,  
lifnar fjör í bæ.  
Viltu með mér vaka í nótt.

Vina mín kær,  
vonglaða mær,  
ætið ann ég þér,  
ást þína veittu mér  
aðeins þessa einu nótt.

Máninn fullur fer um geiminn  
fagar langar nætur.  
Er hann kannski að hæða heiminn  
hrjáðan sér við fætur?  
Fullur oft hann er,  
það er ekki fallett, ónei,  
það er ljótt  
að flækjast hér og flakka þar  
á fyllerí um nætur.

## Talað við gluggann

*Höfundur lags og texta: Bubbi Morthens.  
Flytjandi: Bubbi Morthens.*

Ég hef staðið við gluggann,  
heyrst hann tala um komandi harðæri, nístandi él.  
Aldrei fyrr séð hann svo hryggan stara.  
Þegar þú kvaddir hvað ég skildi hann vel.

Sumarið er farið, það fraus í hylnum.  
Eins og hvítt lín kom fyrsti snjórinn í nótt.  
Þrestirnir dansa á ísuðum línunum  
en hér inni er allt stillt og rótt.

Eldurinn í arninum með seiðandi skugga,  
spyr mig: Hvar er hún í nótt  
sem var von að halda um höfuð þitt og rugga  
þér blítt þar til allt var hljótt?  
Og ég get ekki, og ég get ekki,  
og ég get ekki, og ég get ekki,  
og ég get ekki, og ég get ekki, - -  
svarað því.

Ég hef staðið við gluggann,  
heyrð hann tala, spurt hef ég hann:  
Sér hann þig þar sem þú ferð?  
Þakinn rósum, kaldur - vill ekki svara  
hvort ást til mín í hjartanu þú berð.

Ég hef staðið við gluggann,  
séð hann stara á norðanvindinn,  
út í fjúkinu leika sér.  
Stundum heyri ég hlátur, í gólfjöllum marra,  
hjartað tekur kipp en það er ekkert hér.

Eldurinn í arninum með seiðandi skugga,  
spyr mig: Hvar er hún í nótt  
sem var vön að halda um höfuð þitt og rugga  
þér blítt þar til allt var hljótt?  
Og ég get ekki, og ég get ekki,  
og ég get ekki, og ég get ekki,  
og ég get ekki, og ég get ekki, - -  
svarað því.

## Tætum og tryllum

*Höfundur lags og texta: Jakob F. Magnússon.  
Flytjandi: Stuðmenn .*

Tætum og tryllum  
og tækið nú þenjum  
í botni eitthvað lengst upp í sveit.  
Tröllum og tjúttum  
og tökum svo lagið  
í lundi hvar enginn veit.

Allir eru í fínu formi,  
enginn nennir neinu dormi,  
því nóttin er löng  
þó að lífið sé stutt  
og allir fara í sveitaferð.

Allt er í fína  
og enginn mun sýna af sér  
sút eða sorg í kvöld.  
Konráð og Ræna,

hani og hæna,  
fatta að hér er gleðin við völd.

Allir eru í fínu formi,  
enginn nennir neinu dormi,  
því nóttin er löng  
þó að lífið sé stutt  
og allir fara í sveitaferð.

## Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig

*Höfundur lags: J. MacCarty.  
Höfundur texta: Jón Sigurðsson.  
Flytjandi: Sixties.*

Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig,  
ef þú meinar ekki neitt með því.  
Ef lagleg mey mig lítur á,  
ég litið get ekki upp  
og roðna alveg niður í tía.  
Og ef ég verð í einni skotinn,  
ég aldrei þori að segja nokkurt orð.  
En leynda ósk, ég ætla að segja þér,  
að þú viljir reyna að kenna mér.  
Því ertu að horfa svona alltaf á mig,  
ef þú meinar ekki neitt með því?

## Vertu sæl mey

*Höfundur lags: Loftur Guðmundsson.  
Höfundur texta: Ási í Bæ.  
Flytjandi: Björgvin Halldórsson .*

Við brimsorfna kletta  
bárurnar skvetta  
hvítfectum öldum  
á húmdökkum kvöldum,  
sjómanninn laða og seiða.  
Skipstjórar kalla, skipanir gjalla,  
vélarnar emja, æpa og lemja,  
á haf skal nú haldið til veiða.

Vertu sæl mey  
Ég kem aftur er kvöldar á ný.  
Gleymdu mér ei.  
þó að brimið sér bylti með gný.

Eigir þú yl  
handa sjómanni' er sjöstjarnan skín,  
þá stendur hann brosandí' í stórsjó og byl  
við sinn stjórnvöl og hugsar til þín.

## Vísur Íslendinga

Höfundur lags: Erlent lag.  
Höfundur texta: Jónas Hallgrímsson.  
Flytjandi: Jónas Hallgrímsson.

Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur,  
er gleðin skín á vonarhýrri brá?  
Eins og á vori laufi skryðist lundur,  
lífna og glæðist hugarkætin þá;  
og meðan þrúgna gullnu tárin glóa  
og guðaveigar lífga sálaryl,  
þá er það víst, að best blómin gróa  
í brjóstum, sem að geta fundið til.

Látum því, vinir, vínið andann hressa  
og vonarstundu köllum þennan dag,  
og gesti vora biðjum guð að blessa  
og best að snúa öllum þeirra hag.  
Látum ei sorg né söknuð vínið blanda,  
þó senn í vinahópinn komi skörð,  
en óskum heilla og heiðurs hverjum landa,  
sem heilsar aftur vorri fósturjörð.

## Vorvindar glaðir

Höfundur lags: Sænskt þjóðlag.  
Höfundur texta: Hælgí Valtýsson.  
Flytjandi: Sigga Beinteins.

Vorvindar glaðir,  
glettnir og hraðir  
geysast um löndin rétt  
eins og börn.

Lækirnir skoppa,  
hjala og hoppa,  
hvíld er þeim nóg  
í sæ eða tjörn.

Hjartað mitt litla  
hlustaðu á;  
hóar nú smalinn  
brúninni frá.

Fossbúinn kveður,  
kætir og gleður.  
Frjálst er í fjallasal.

## Yesterday

Höfundur lags og texta: Lennon/McCartney.  
Flytjandi: The Beatles.

Yesterday, all my troubles  
seemed so far away,  
Now it looks as though they're here to stay,  
Oh, I believe in yesterday.

Suddenly, I'm not half the man  
I used to be,  
There's a shadow hanging over me,  
Oh, yesterday came suddenly.

Why she had to go,  
I don't know, she wouldn't say.  
I said something wrong,  
Now I long for yesterday.

Yesterday, love was such an easy  
game to play,  
Now I need a place to hide away,  
Oh, I believe in yesterday.

Why she had to go,  
I don't know, she wouldn't say.  
I said something wrong,  
Now I long for yesterday.

Yesterday, love was such an easy  
game to play,  
Now I need a place to hide away,  
Oh, I believe in yesterday.

Mmm, mm, mm, mm, mm mm.

## Það er gott að elska

Höfundur lags og texta: Bubbi Morthens.  
Flytjandi: Bubbi Morthens.

Capo á 3.band

Það var einn morgun snemma sumars þegar sólin kíkti í þú,  
ég sat við gluggann með kaffið var að horfa á himininn  
geislarnir tipluðu inn á hvítum fótum og földu brosin sín  
og fundu þig undir sænginni mjúku og opnuðu augun þín.

Það er gott að elska  
og það er gott að elska  
það er gott að elska  
konu eins og þig.

Þú býður mér blíðlega góðan dag og drekkur þitt kínverska te  
dimmblá fegurð augna þinna er það eina sem ég sé  
Það er ljúft að horfa á þig og finna friðinn sem leggur frá þér  
þú ert falleg svona nývöknuð, þú ert allt sem ég óska mér.

Það er gott að elska  
og það er gott að elska  
það er gott að elska  
konu eins og þig.

Það er gott að elska  
og það er gott að elska  
það er gott að elska  
konu eins og þig.

Og nú er ég orðinn faðir og finn hvursu ljúft það er  
að fá furðu smáar hendur að morgni dags um háls á mér,  
Og gagnvart konu eins og þér er ástin mitt eina svar  
og ef það er líf eftir þetta líf þá mun ég elska þig líka þar.

Það er gott að elska  
og það er gott að elska  
það er gott að elska  
konu eins og þig.

Það er gott að elska  
og það er gott að elska  
það er gott að elska  
konu eins og þig.

## Það liggur svo makalaust

Höfundur lags: Óþekktur.  
Höfundur texta: Bjarni Þorsteinsson.  
Flytjandi: Árni Johnsen.

Það liggur svo makalaust ljómandi' á mér  
mér líkar svo vel, hvernig heimurinn er,  
mér sýnist allt lífið svo ljómandi bjart  
og langar að segja svo dæmalaust margt.

Hæ, dúllía, dúllía, dúllíadei.  
Hæ dúllía, dúllía dúllíadei.  
mér sýnist allt lífið svo ljómandi bjart  
og langar að segja svo dæmalaust margt.

Það skilst varla hjá mér eitt einasta orð,  
mér allt sýnist hringsnúast; stólar og borð.  
Minn hattur er týndur og horfið mitt úr.  
Ég held ég sé kominn á sjóðandi túr.

Hæ, dúllía, dúllía, dúllíadei.  
Hæ dúllía, dúllía dúllíadei.  
Minn hattur er týndur og horfið mitt úr.  
Ég held ég sé kominn á sjóðandi túr.

Samt líð ég hér áfram í indælisró,  
í "algleymis" dillandi "löngunarfró".  
Já þetta' er nú "algleymi" ef "algleymi" er til  
Því ekkert ég man eða veit eða skil.

Hæ, dúllía, dúllía, dúllíadei.  
Hæ dúllía, dúllía dúllíadei.  
Já þetta' er nú "algleymi" ef "algleymi" er til  
Því ekkert ég man eða veit eða skil.

**Þorraþrællinn 1866**

Höfundur lags: Þjóðlag.  
Höfundur texta: Kristján Jónsson.  
Flytjandi: Alsæla.

Nú er frost á Fróni,  
frýs í æðum blóð,  
kveður kuldaljóð  
Kári í jötunmóð.  
Yfir laxalóni  
liggur klakapil.  
Hlær við hríðarbil  
Hamragil.  
Mararbára blá  
brotnar þung og há  
unnarsteinum á,  
yggld og grett á brá.  
Yfir aflatjóni  
æðrast skipstjórinn,  
harmar hlutinn sinn  
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann  
hryggur búandinn:  
"Minnkar stabbinn minn,  
magnast harðindin.  
Nú er hann enn á norðan,  
næðir kuldaél,  
yfir móa og mel,  
myrkt sem hel."  
Bóndans býli á  
björtum þeytir snjá.  
Hjúin döpur hjá  
honum sitja þá.  
Hvítleit hringaskorðan  
huggar manninn trautt:  
Brátt er búrið autt,  
búið snautt.

Þögull Þorri heyrir  
þetta harmakvein,  
en gefur grið ei nein,  
glíkur hörðum stein,

engri skepnu eirir,  
alla fjær og nær  
kuldaklónum slær  
og kalt við hlær:  
"Bóndi minn, þitt bú  
betur stunda þú.  
Hugar hrelling sú,  
er hart þér þjakar nú,  
þá mun hverfa, en fleiri  
höpp þér falla í skaut.  
Senn er sigruð þraut,  
ég svíf á braut."

**Þó líði ár og öld**

Höfundur lags: M.Brown/B.Galilli/T.Sansone.  
Höfundur texta: Kristmann Vilhjálmsson.  
Flytjandi: Björgvin Halldórsson .

Alltaf þrái ég þig heitt  
Þó líði ár  
Í heiminum getur ei neitt  
Þerrað mín tár

Þó líði ár og öld  
Er ást mín ætíð ætluð þér  
Þó gleymir þú í heimsins glaum  
Öllu um mig  
Ég elska þig

Í svefni sem vöku  
Sé eg þig  
Brosandi augun þín  
Yfirgefa ei mig

Þó líði ár og öld  
Er ást mín ætíð ætluð þér  
Þó gleymir þú í heimsins glaum  
Öllu um mig  
Ég elska þig

Svo flykkjast árin að  
Og allt er breytt

Í minningunni brenna þó  
Augun þín heit

Þó líði ár og öld  
Er ást mín ætíð ætluð þér  
Þó gleymir þú í heimsins glaum  
Öllu um mig  
Ég elska þig

### Þórsmerkurljóð

*Höfundur lags: Þýskt þjóðlag.  
Höfundur texta: Sigurður Þórarinnsson.  
Flytjandi: KK og Magnús.*

Ennþá geymist það mér í minni,  
María, María,  
hvernig við fundumst í fyrsta sinni,  
María, María.  
Upphaf þess fundar var í þeim dúr,  
að ætluðum bæði í Merkurtúr.  
María, María, María, María, María, María.

Margt skeður stundum í Merkurferðum,  
María, María,  
mest þó ef Bakkus er með í gerðum,  
María, María.  
Brátt sátu flestir kinn við kinn  
og kominn var galsi í mannskapinn.  
María, María, María, María, María, María.

Því er nú eitt sinn þannig varið,  
María, María,  
að áráttu kvensamra' er kvennafarið,  
María, María.  
Einhvern veginn svo æxlaðist  
að ég fékk þig í bílnum kysst.  
María, María, María, María, María, María.

Ofarlega mér er í sinni,  
María, María,  
að það var fagurt í Þórsmörkinni,  
María, María.  
Birkið ilmaði, allt var hljótt

yfir oss hvelfdist stjörnunótt.  
María, María, María, María, María, María.

Ei við eina fjöl er ég felldur,  
María, María,  
og þú ert víst enginn engill heldur,  
María, María.  
Okkur mun sambúðin endast vel  
úr því að hæfir kjafti skel.  
María, María, María, María, María, María.

Troddu þér nú inn í tjaldið hjá mér,  
María, María,  
síðan ætla' ég að sofa hjá þér,  
María, María.  
Svo örkuðum við saman vorn æfiveg  
er ekki tilveran dásamleg.  
María, María, María, María, María, María.

### Þórsmerkurljóð - Svar Maríu

*Höfundur lags og texta: Óþekktur.  
Flytjandi: Óþekktur.*

Ég sest nú niður og sendi þér línu,  
Sigurður, Sigurður.  
Geri það svona að gamni mínu,  
Sigurður, Sigurður.  
Því alltaf í minni ég eiga skal,  
ævintýrið í Húsadal.  
Sigurður, Sigurður, Sigurður,  
Sigurður, Sigurður, Sigurður.

Ég er nú annars ekki frá því,  
Sigurður, Sigurður,  
að við værum of mikið á því,  
Sigurður, Sigurður.  
En það er nú svona, því fer sem fer,  
og flest má nú gera, hvar sem er,  
Sigurður, Sigurður, Sigurður,  
Sigurður, Sigurður, Sigurður.

Þar var þó ei gaman að vakna hjá þér,  
Sigurður, Sigurður.

Þú hraust svo mikið og hrintir mér frá þér,  
Sigurður, Sigurður.

Í flöskunni eftir var lítil lögg  
lyngið var baðað morgundög.  
Sigurður, Sigurður, Sigurður,  
Sigurður, Sigurður, Sigurður.

Við ættum að fara öðru sinni,  
Sigurður, Sigurður,  
og sjá eitthvað þarna í Þórsmörkinni,  
Sigurður, Sigurður.  
Fjarlægðin gerir fjöllin blá,  
og fagurt kvað vera við Stakkholtsgjá.  
Sigurður, Sigurður, Sigurður,  
Sigurður, Sigurður, Sigurður.

Maríuvísurnar margir kunna,  
Sigurður, Sigurður,  
Sólskríkjunum þó sumir unna,  
Sigurður, Sigurður.  
Gott er ennþá í grænni laut  
að gleyma hörmum og vetrarþraut.  
Sigurður, Sigurður, Sigurður,  
Sigurður, Sigurður, Sigurður.

En nú verð ég alltaf að hírast heima,  
Sigurður, Sigurður,  
og láta mig bara um landslag dreyma,  
Sigurður, Sigurður.  
Því nú er ég komin svo langt á leið,  
lífandis skelfingar ósköp breið.  
Sigurður, Sigurður, Sigurður,  
Sigurður, Sigurður, Sigurður.

Botninn nú í bréfið slæ ég,  
Sigurður, Sigurður,  
Að sjálfsögðu aldrei svar við því fæ ég,  
Sigurður, Sigurður.  
Þó megirðu lengi minnast þess,  
að María sendi þér þessi vers.  
Sigurður, Sigurður, Sigurður,

Sigurður, Sigurður, sæll og bless.

## Þýtur í laufi

*Höfundur lags: Aldís Ragnarsdóttir .  
Höfundur texta: Tryggvi Þorsteinsson.  
Flytjandi: Tryggvi Þorsteinsson.*

Þýtur í laufi bálið brennur.  
Blærinn hvíslar: "Sofðu rótt."  
Hljóður í hafi röðull rennur,  
roðnar og býður góða nótt.

Vaka þá ennþá vinir saman  
varðeldi hjá í fögrum dal.  
Lífið er söngur, glaumur gaman.  
Gleðin, hún býr í fjallasal.

